

1874.

28. febrúar.

2. stig, með ákveðinni skylduvinnu og vinnukaupi, 4 aurum (2 sk.) á dag fyrir hvern verkdag; skal fanginn vera á því stigi að minnsta kosti eitt missiri.
3. — með ákveðinni skylduvinnu og vinnukaupi, 6 aurum (3 sk.) á dag fyrir hvern verkdag; veran á því stigi er að minnsta kosti 1 ár.
4. — með ákveðinni skylduvinnu og vinnukaupi, 8 aurum (4 sk.) á dag fyrir hvern verkdag.

Að öðru leyti gilda reglur þær, sem settar eru að framan um hegningarvinnu í sameining, með þeim breytingum, sem með þarf.

21. grein.

Ráðgjafinn fyrir Ísland skal hafa heimild til að veita þær tilhlíðranir frá því, sem fyrir er mælt í tilskipun þessari, sem eptir því, hvernig á stendur, kunna að virðast æskilegar, og eigi koma í bága við grundvallarreglur hennar.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér þegnlega að hegða.

28. febrúar.

7. Bréf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um hegningarhúsið í Reykjavík.

Með tilskipun, sem út kom í dag um, að ákvarðanir þær um stundar sakir, sem almenn hegningarlög handa Íslandi, 25. júní 1869 307. gr., hafa inni að halda, skuli falla úr gildi að nokkru leyti, er ákveðið, að fara skuli að nota hegningarhúsið í Reykjavík og fangelsið, sem því er sameinað, 15. ágúst þ. á.

Um leið og vèr sendum yður, herra landshöfðingi, nokkur exemplör af fyrnefndri tilskipun, gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til frekari framkvæmda, það sem hér segir.

Um það, hvernig hegningarvinnan skuli út tekin í hegningarhúsinu í Reykjavík, hefir stjórnarráðið borið sig saman við fangelsis-skrifstofuna, og verður að aðhyllast þá skoðun, að hinni áfram-

1874.

28. febrúar.

líðandi hegningaraðferð, sem ákveðin er í tilskipun þeirri, sem gildir fyrir Danmörk, um hvernig út tekin skuli hegningarvinna í sameining, 13. febrúar 1873, verði komið við með fullkomnara móti í tæðu hegningarhúsi, en þær, herra landshöfðingi, hafið stungið uppá í bræfi 8. ágúst f. á., þannig að fanginn, á meðan hann er á undirbúningsstiginu, skuli sitja í kompu sèr, að fangarnir skuli á þvingunarstiginu vinna fyrir lokuðum dyrum og að verutíminn á því stigi skuli ákveðinn eptir því, sem fyrir er mælt í 14. gr. fyrnefndrar tilskipunar, að því leyti er snertir typtunarhúsfanga, og samkvæmt 20. gr., að því leyti, er snertir betrunarhúsfanga, að þá fyrst megi hafa fangana til innivinnu, er þeir eru komnir á yfirferðarstigið, og að veita megi ófullkomna uppgjöf á hegningu með tilteknum skilyrðum, en án þessa er sú hegningaraðferð, sem hér er verið að ræða um, ófullkomin, og verður eigi með gildum rökum haft neitt á móti því, að veita ófullkomna hegningaruppgjöf á Íslandi, þar sem hún helzt er í því fólgin, að setja þann, sem í hlut á, undir sèrstaka umsjón lögreglustjórnarinnar, en það á sèr stað á Íslandi samkvæmt því, sem fyrir er mælt í tilskipun 24. janúar 1838, 5. gr. Samkvæmt þessu, jafnframt og byggt er að öðru leyti á álitum yðar í fyrnefndu bræfi, hefir verið samið í stjórnarráðinu frumvarp til tilskipunar um, hvernig úttekin skuli hegningarvinna í hegningarhúsinu í Reykjavík, sem konungur allramildilegast hefir staðfest í dag, og sendum vèr yður nokkur exemplör af tilskipuninni.

Frumvarpi því til reglugjörðar fyrir hegningarhúsið, sem þær hafið sent hingað, verður því að breyta samkvæmt reglunum í tilskipun þeirri, sem nú var getið, og skal í því tilliti sèrílagi leiða athygli yðar að því, að stjórnarráðið hefir eigi þókt geta leyft yfirhöfuð, að þeir fangar, sem komnir eru í hina æðri flokka þvingunarstigsins, fái til láns aðrar bækur en þær, sem allir fangarnir og jafnvel þeir, sem eru í hinum lægstu flokkum stigsins, mega lesa, með því engin trygging er fyrir því, að hver fanginn láni eigi öðrum bækurnar. Þar á eptir verðið þær að semja reglugjörðina og láta slá henni upp í sèrhverri fangastofu, ásamt með

1874.

28. febrúar.

dagskrá fyrir fangana í hegningarhúsinu, og matarreglugjörð, sem vèr mælumst til að þèr semið samkvæmt frumvörpum þeim, sem þèr hafið sent hingað, og ennufremur vinnureglugjörð (um skylduvinnu fanganna, og fl.), sem þèr sömuleiðis takið saman, eptir að þèr samkvæmt brèfi yðar 6. desbr. f. á. hafið borið yður saman við verkstjóra þann, sem þèr hafið skipað fyrir hegningarhúsið.

Stjórnarráðið hefir eigi getað fundið neitt að frumvarpi því til reglugjörðar um búning fanganna, sem þèr hafið sent hingað, og má því hafa hana samhljóða frumvarpinu.

Að því leyti, er snertir vinnu fanganna í hegningarhúsinu, látum vèr það vera komið undir yður, að ákveða það, sem með þarf í því tilliti, samkvæmt því, sem þèr hafið drepíð á í brèfi 8. águst f. á., en samt verður að gæta þess, að vinnan sè eigi skaðnæm fyrir heilsu fanganna, og skal að því leyti er snertir tóvinnu, sem þèr hafið stungið uppá, hafa gætur á, að ullin sè þvegin, að eigi þurfi til vinnunnar verkfæra, sem fangarnir gæti gjört óskunda með, að vinnan að minnsta kosti á hinum síðari stigum hegningarinnar sè svo sem unnt er löguð samkvæmt því, sem fanginn ætlar að hafa sèr til atvinnu, þegar búið er að láta hann lausan, að vinnan, þegar þessa er gætt, verði svo arðsöm fyrir hegningarhúsið, sem unnt er, og verður þá í því tilliti að fara eptir því, hvernig verðlag er á hverjum tíma, og færa sèr í nyt sèrstaka hæfilegleika fanganna, og að það, sem unnið er, sè útgengilegt fyrir sanngjarnt verð.

Að því, er snertir verkstjórn og ráðsmennsku í hegningarhúsinu, er stjórnarráðið samkvæmt því, sem þèr skýrið frá í brèfi 9. oktbr. f. á., ekki mótfallið því, að hvorttveggja fyrst um sinn fari fram fyrir hönd þess opinbera, og mælumst vèr því til, að þèr þegar að því kemur sjáið bæði um, að fengin verði til verkefni og matvæli, og fl., með því að láta bæjarfógetann, eins og þèr hafið stungið uppá, halda undirboð, þannig að þèr samþykkið boð þau, sem gjörð verða, ef því verður komið við, og að það, sem unnið er, verði selt svo, að landssjóðurinn hafi sem mestan hag á því.

1874.

28. febrúar.

Eins og kostnaðurinn, sem gengur til viðurværis handa þeim fóngum, sem settir verða í fangelsi það, sem sameinað er við hegningarhúsið, einnig samkvæmt uppástungu yðar skal goldinn úr landssjóðnum gegn endurgjaldi af hálfu hlutaðeigandi sveitarfélaga, sem skal vera 24 sk. daglega fyrir hvern fanga, sem hefir venjulegt fangaviðurværi, og 12 sk. fyrir hvern fanga, sem er í fangelsi við vatn og brauð, þannig mun og nauðsyn verða á, að vinna þessara fanga, ef þeir heimta, að þeim sé fengin nokkur, fari fram fyrir hönd landssjóðsins, til þess hjá því verði komið að halda sèrstaka reikninga, og skuluð þér ákveða nákvæmar, hvað borga skuli þeim, sem í hlut eiga, fyrir það, sem þeir vinna.

Að því leyti, er snertir fyrirkomulag á fangaskrá, og reikningshald og bækur, sem til þess þarf, hefir stjórnarráðið eigi neitt ámóti uppástungu þeirri, sem þér hafið sent hingað með bréfi 8. ágúst f. á., og sendum vèr yður nú eptir ósk yðar exemplar af eyðublaði, sem haft er í hegningarhúsum í Danmörku, til þess að rita á skýrslur um vinnu fanganna.

Fyrir hreinlætis sakir álitur stjórnarráðið nauðsynlegt, að útvegað verði laugarker, og er ekkert því til fyrirstöðu, að umsjónarmanninum sé falið á hendur eptir uppástungu yðar að sjá um, að klæðum og rúmfötum fanganna sé haldið hreinum, en samt á þann hátt, að hann samkvæmt því, sem fyrir mælt er í fyrnefndri tilskipun um hvernig úttekin skuli hegningarvinna í hegningarhúsinu í Reykjavík, 13. gr., ekki megi hafa sèr til aðstöðar við þetta hegningarhússfanga, sem eru á þvingunarstiginu, en til þessa má hann hafa fanga, sem annaðhvort eru komnir yfir það stig, eða varðhaldsfanga, ef lögreglustjórinn leyfir það, og þeir eru fúsir til þess, og eigi fyr en búið er að ljúka við prófið yfir þeim.

Með því fangarnir eiga að vinna eða geta heimtað, að þeim sé fengin vinna, verður að hafa ljós í kompunum.

Forstjórinn fyrir fangelsis-skrifstofunni hefir boðizt til að útvega þau áhöld, sem hèr skal telja:

2 vefstaði,

1874.

28. febrúar.

4 rokka,
 4 hesputrè,
 þrjóna, stagnálar og saumnálar, sópa til gólfþvottar og til
 þess að sópa garðinn,
 lèrept í lök á 36 rúm,
 36 ábreiður,
 14 kamba og
 60 þurkur.

Að því, er snertir önnur áhöld, verðum vér að fela yður á hendur að sjá um, að þau verði útveguð, og þarsem þér sérstaklega hafið stungið uppá, að hér yrði gjörðar ráðstafanir til, að setja salerni í kompurnar, skal þess getið, að fangelsisskrifstofan hefir álitð, að hafa skyldi koppa í kompunum og svefnstofunum, sem væri í trèkössum með lokum yfir, er fèlli fast að, en þá mætti að líkindum fá á Íslandi, ef hëðan yrði sent sýnishorn með hinum áhöldunum, sem fangelsisskrifstofan hefir boðizt til að útvega. Að öðru leyti skal þess getið, að þar sem föngunum er leyft að koma út í garðinn á tilteknum tímum, samkvæmt fyrnefndri tilskipun, er ætlazt til að koppar þessir verði notaðir sem minnst.

Stjórnarráðið veitir yður heimild til, að láta borga yður það fè, sem gengur til þess að útvega áhöld til hegningarhússins, úr jarðabókarsjóði Íslands.

Þar sem þörf er á að útvega hringingartól handa hegningarhúsinu, höfum vér leitað til timburmeistara *Klentz*, og munum vér síðar skýra yður frá, hvað um það verður.

Stjórnarráðið hefir að eins fundið það að athuga við frumvarp það til reglugjörðar fyrir umsjónarmanninn, sem þér hafið sent hingað, að það verði tekið skýlausara fram í 13. gr., að hann skuli vera optar við á samverustofunum, og þá sérilagi, ef unnt er, að hann skuli vera á víxl á karlmanna- og kvennavinnustofunum, alltaf á meðan fangarnir matast og hafa hvíld, og með þessari breytingu mælumst vér til að þér semið tæða reglugjörð.

Að því leyti, er snertir laun umsjónarmannsins, felst

stjórnarráðið á þá uppástungu yðar, að þau sè látin vera 400 rd. á ári, og þar að auki skal honum veittur matur handa þremur mönnum daglega, og eldiviður ókeypis; hafið þèr talið, að þetta nemi alls hèr um bil 530 rd., og skulu $\frac{9}{12}$ af því greiddir úr landssjóðnum, $\frac{2}{12}$ úr jafnaðarsjóði suðuramtsins og $\frac{1}{12}$ af Reykjavíkur kaupstað.

1874.

28. febrúar.

Vegna þess að dómkirkjupresturinn bæði heldur guðspjónustugjörð í hegningarhúsinu, og tekur að sèr, ef til þess kemur, kennslu þeirra hegningarhúsfanga, sem til þess kynni að vera fallnir, er stjórnarráðið eigi mótfallið því, að þóknunin handa prestinum fyrir þetta sè látin vera 50 rd.

Að því, er snertir kostnað þann, sem hlýzt af því, sem sagt er að framan, hefir hans hátign konungurinn með úrskurði í dag fallizt á, að borga megi hèrumbil 3142 rd. 48 sk. úr landssjóðnum, þannig að upphæðum þeim, sem tilfærðar eru í áætlun um tekjur og útgjöld Íslands, sem staðfest er 31. oktbr. f. á., 6. gr., verði breytt samkvæmt þessu, og er þá byggt á því, að borgaðir verði í laun handa umsjónarmanninum frá 15. ágúst til 31. desbrn. þ. á. 112 rd. 48 sk., og sem þóknun handa dómkirkjuprestinum á sama tíma 18 rd. 24 sk., en til þess að kaupa áhöld og verkefni, matvæli og eldivið o. fl., eru ætlaðir hèrumbil 3000 rd.

Að því leyti, er að endingu snertir reglugjörð fyrir varðhaldsfangana og hina fangana í fangelsi því, sem sameinað er hegningarhúsinu, mælumst vèr til, að þèr semið reglugjörð þessa samkvæmt frumvarpi því, sem þèr hafið sent hingað, og skal að eins geta þess, að það þykir hagfelld, að í 7. gr. verði, eins og fyrir er mælt í reglugjörð 7. maí 1846, E, 8. gr. í niðurlaginu, sett ákvörðun um, að eigi skuli meina þeim föngum, sem til þess hafa næg efni, að fá umsjónarmanninn til að sjá um, að halda hreinum fangastofum þeim, þar sem þeir sitja, og áhöldum þeirra fyrir sanngjarna þóknun, eptir því, sem lögreglustjórinn ákveður, og má eigi hvernig sem á stendur fara fram úr því.